

# Samþykkt fyrir ungmennaráð Fjallabyggðar

## Um verkefni ungmennaráðs

### 1. gr.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 14 til 25 ára í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

### 2. gr.

Ungmennaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmunum ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun bæjaryfirvalda um málefni er tengjast ungu fólki.

### 3. gr.

Helstu markmið og hlutverk ungmennaráðs eru:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins,
- að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópin sérstaklega,
- að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins,
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva sveitarfélagsins,
- að efla tengsl nemenda framhaldsskóla í sveitarfélaginu og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda Menntaskólans um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
- að efla tengsl nemenda grunnskóla sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda grunnskólans um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks.

### 4. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem bæjarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

### 5. gr.

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu, sem samþykkt er af bæjarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir.

### 6. gr.

Ungmennaráð starfar í samræmi við eftirfarandi samþykktir bæjarstjórnar Fjallabyggðar:

A Frístundastefnu Fjallabyggðar

B Menningarstefnu Fjallabyggðar

C Fræðslustefnu Fjallabyggðar

D Aðrar samþykktir bæjarstjórnar sem á hverjum tíma tengjast starfsemi ráðsins.

## Um skipan ungmennaráðs

#### 7. gr.

Bæjarstjórn óskar eftir að eftirfarandi stofnanir tilnefni árlega samtals fimm fulltrúa í ungmennaráðið og fimm til vara. Tilnefningin eigi sér stað fyrir 20. september ár hvert.

- Tveir fulltrúar úr 9. eða 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar og tveir til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.
- Tveir fulltrúar úr Menntaskólanum á Tröllaskaga og tveir til vara. Fulltrúar nemenda skólans verði valdir með almennri kosningu nemenda.
- Einn fulltrúi frá frjálsum félagasamtökum í sveitarfélaginu og einn til vara. Sveitarfélagið mun leita til UÍF og óska eftir sameiginlegri tilnefningu þeirra. UÍF getur leitað til annarra félagasamtaka innan Fjallabyggðar en þeirra sem eru undir Héraðssambandinu.

Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 20. september til 10. júní, ár hvert.

#### 8. gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs ráðið sér formann og varaformann.

Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp.

#### 9. gr.

Ungmennaráð stefnir að því að funda einu sinni í mánuði á starfstíma ráðsins. Í mars ár hvert fundar bæjarstjórn Fjallabyggðar með ungmennaráði. Dagskrá fundarins skal undirbúin í samráði við bæjarstjóra.

#### 10. gr.

Íþrótta- og tómstundafulltrúi er starfsmaður ráðsins. Starfsmaður situr að jafnaði fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt og fylgir eftir ákvörðunum ráðsins. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal ungmennaráð óska eftir og leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra. Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafa alltaf seturétt á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

### **Um yfirstjórn ungmennaráðs**

#### 11. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ungmennaráðs í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir hvert starfsár. Ráðið gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna verkefna ungmennaráðs.

Starfsmaður leggur fram í ráðinu tillögu að fjárhagsáætlun ráðsins, í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

#### 12. gr.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Starfsmenn bera ábyrgð á rekstri og stjórnslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

### **Um fundarsköp ungmennaráðs**

13. gr.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Ráðið fellur undir sömu reglur og nefndir hjá Fjallabyggð.

14. gr.

Fundarseta skal launuð. Laun fyrir hvern fund skal vera þrjú þúsund krónur.

15. gr.

Um ritun fundargerða ungmennaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

16. gr.

Um hæfi fulltrúa ungmennaráðs gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Um hæfi starfsmanna ráðsins gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### **Gildi samþykktarinnar**

17. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 08.06.2011.